

Alþingi
Erindi nr. P 131/734
komudagur 25.1.2005

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. janúar 2004.

Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við limlestingu á kynfærum kvenna), 131. löggjafarþing 2004-2005, þskj. 67-67. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Í frumvarpinu er lagt til að á eftir 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verði lögfest nýtt refsíákvæði, 218. gr. a, er geri limelestingu á kynfærum kvenna að sértöku broti. Einnig er kveðið á um það í frumvarpinu að fyrningarfrestur brota skv. 218. gr. a byrji ekki að líða fyrr en brotþoli hefur náð 14 ára aldri. Þá er lagt til að refsilögsagan verði víkkuð þegar um er að ræða limlestingar á kynfærum kvenna með því að gerð verði undantekning frá þeirri meginreglu að ekki verði refsað fyrir háttsemi sem framin er af íslenskum ríkisborgunum eða mönnum búsettum á Íslandi utan íslenska ríkisins nema háttsemin hafi einnig verið refsiverð eftir lögum þess ríkis þar sem hún er framin. Með því er stefnt að því að koma í veg fyrir að ferðast sé með stúlkubörn til landa þar sem limlestingin er refsilaus í því skyni að láta framkvæma hana þar.

Í 1. gr. frumvarpsins, sem ætlað er að rýmka refsilögsöguna, og leggur til breytingu á 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga segir: “Það gildir þó ekki ef verknaðurinn er brot á eða hlutdeild í broti á 218. gr. a. eða 218. gr. b.” Laganefnd Lögmannafélags Íslands bendir á að tilvísun til 218. gr. b er hér ofaukið, en verði frumvarpið að lögum mun núverandi gr. 218 a verða grein 218. b og fjalla um refsihækkunar- og refsilækkunarástæður. Að öðru leyti gerir Laganefnd Lögmannafélags Íslands ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.